

**BORGARRÁÐ 27. júní 2024: Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um ferðakostnað þjónustu- og nýsköpunarsviðs - MSS24060122**

Á fundi stafræns ráðs þann 12. júní sl. var kynnt 3ja mánaða uppgjör þjónustu- og nýsköpunarsviðs og fylgdi að venju yfirlit yfir ferðakostnað sviðsins á fyrsta ársfjórðungi. Spurt er hversu mikill kostnaður fellur á borgina af þessum 17,4 milljónum og hvað fellur á stéttarfélög? Óskað er eftir yfirliti yfir ferðakostnað þjónustu- og nýsköpunarsviðs frá árinu 2019 þar sem fram kemur hversu mikill kostnaður hefur fallið á borgina, hvað hefur verið greitt af stéttarfélögum og hvort og þá hversu mikið hefur verið greitt í dagpeninga. Jafnframt er óskað eftir uppgjöri ferðakostnaðar fyrir ferðir sviðsins frá og með 2019. Sérstaklega er óskað eftir upplýsingum varðandi ferðakostnað sem greiddur hefur verið vegna ferða sem af er þessu ári sem og kostnaði vegna fyrirhugaðra ferða sem farið verður í á árinu.

**Greinargerð:**

Erfitt er að átta sig á þeim kostnaði sem fellur á borgina vegna þessara ferða þar sem sumar eru sagðar styrktar af stéttarfélögum. Heildarfjárhæð ferða nemur tæplega 17,4 milljónum sem er töluverð fjárhæð fyrir bara einn ársfjórðung og því mikilvægt að fá betri mynd af þeim kostnaði sem borgin hefur borið af þessum ferðum.